

SAMA HVERJAR
AÐSTÆÐUR ÞÍNAR ERU

ÞÁ BYRJAR ÆVINTÝRI
ÞITT Í EVRÓPU

HÉR



eurodesk



Til að hlusta á þennan
bækling lesinn á ensku

Höfundarverk:

Gefið út af Eurodesk Brussels Link

Hönnuður: Juniper Borisova

**Ritstjórar: Audrey Frith, Carmen Ruano Serna,
Grazia Cannarsa og Teresa Manzanares Cegarra**

**FINNST ÞÉR ÞÚ
EKKI FÁ TÆKIFÆRI?**

**VIÐ VILJUM
EKKI AÐ
ÁSKORANIR
LÍFSINS KOMI Í
VEG FYRIR AÐ
ÞÚ FARIR ÚT AÐ
SKOÐA
HEIMINN!**

Evrópuáætlanir eins og Erasmus+ og European Solidarity Corps eru hér fyrir þig og eiga að tryggja að allt fólk geti tekið þátt. Í þessum bækling getur þú lesið hvernig þú færð auka styrk til að taka þátt í fjölmörgum ólíkum tækifærum til að vinna, læra og vera sjálfbóðaliði í útlöndum.

UPPLIFIR ÞÚ EINHVERJAR HINDRANIR?

Það er hluti af inngildingar- og fjölbreytileikastefnu Evrópusambandsins að gera fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í æskulýðshluta áætlunarinnar.

Þú gætir átt rétt á inngildingarstyrk ef einhverjar hindranir stoppa þig í að taka þátt í að tækifærunum.



Þessar hindranir gætu verið:

- Fjárhagslegar hindranir: T.d. ef þú eða fjölskyldan þín býr við fjárhagsörðugleika eða atvinnuleysi, þú neyðist til að vinna með skóla eða treysta á velferðarkerfið.
- Landfræðileg einangrun: Ef þú ert af landsbyggðinni eða býrð á afskekktum stað þar sem langt er í skóla eða önnur tækifæri.
- Fötlun og heilsufar: Ef þú ert með líkamlegar eða andlegar hindranir, þroska- eða skyn vandamál, eða langvarandi heilsufarsvarandamál.
- Menningarmunur: Ef þú tilheyrir minnihlutahópum, innflytjendum, flóttafólki eða hælisleitendum, eða notar táknmál til daglegra samskipta.
- Námsörðugleikar: Ef þú átt erfitt með nám eða skortir formlega námsreynslu.
- Mismunur: Ef þú upplifir mismunur sem byggir á kyni, kynhneigð, kyntjáningu, kynþætti, uppruna, trú eða af öðrum ástæðum.

Gera einhverjar af þessum ástæðum það að verkum að þér finnst þú ekki geta tekið þátt í áætlunum á vegum Evrópusambandsins eða hindra þær þig bókstaflega frá því að taka þátt? Það gæti verið til lausn til að takast á við hindranirnar!

HVERS KONAR STUÐNINGUR ER Í BOÐI?

Aðgengi og inngilding eru mikilvæg markmið allra æskulýðsáætlana Evrópusambandsins. Það er líka pláss fyrir þig!


Til að tryggja að öll geti tekið þátt, veitir Evrópusambandið auka fjármagnsstyrk fyrir ákveðna hluti:

- Ferðakostnaður: Auka styrkur fyrir kostnað vegna ferðalaga, sérstaklega fyrir þátttakendur frá landsbyggðinni og afskekktum svæðum
- Annar kostnaður: Fjárhagslegur stuðningur t.d. til að flytja búnað, borga fyrir aðstoðarfólk eða personulega aðstoð, sérstakur menningar- eða tungumála- undirbúningur, o.s.frv. Þetta eru bara nokkur dæmi; flestallur kostnaður sem styður við inngildingu er samþykktur ef umsóknin er nægilega vel rökstudd.
- Kostnaður vegna húsnæðis: Mögulegt er að fá auka styrk til að dekkja gistikostnað fyrir þátttakendur sem þarfnast aukins aðgengis.

Fyrir utan fjárhagslegan stuðning þá eru aukaleg atriði til staðar til að styðja inngildingu í þátttöku ungs fólks:

- Sveigjanlegir möguleikar: Erasmus+ og European Solidarity Corps bjóða upp á fjölbreytt úrval tækifæra sem koma til móts við ólíkar þarfir, t.d. með því að bjóða upp á styttri dvalir erlendis fyrir þau sem geta ekki dvalist úti lengi fyrir ýmsar ástæður.
- Tungumálastuðningur: Með því að bjóða upp á tungumálakennslu og stuðning í gegnum netið fyrir þau sem þurfa á því að halda.
- Upplýsingar og stuðningur: Hafðu samband við Eurodesk til að vita meira um tækifærin sem eru í boði!

Með því að bjóða upp á ólíkar tegundir af stuðning reyna Erasmus+ og European Solidarity Corps að skapa inngildandi áætlanir sem valdefla allskonar ungt fólk, sama hverjar aðstæður þeirra eru, til að uppfylla drauma sína.



VERKEFNI MEÐ "ALLT INNIFALIÐ" FYRIR ÞIG...

Verkefni eins og sjálfbóðaliðaverkefni European Solidarity Corps og ungmennaskipti Erasmus+ bjóða ungu fólki tækifæri til að taka þátt í verkefnum erlendis, og það er "allt innifalið"! Það þýðir að áætlunin borgar ferðalagið, matinn og gistinguna. Þetta getur verið frábær byrjunarreitur!



EUROPEAN SOLIDARITY CORPS: SJÁLFBODALIÐASTÖRF

European Solidarity Corps er evrópsk áætlun sem styður við samfélagsverkefni á fjölbreyttum vettvangi.

Þú getur annað hvort verið sjálfbodaliði sem einstaklingur eða sem hluti af teymi 10-40 sjálfbodaliða sem koma frá a.m.k. tveimur ólíkum löndum.



Dvöl fyrir einstaklinga
2 vikur til 12 mánaða

Dvöl fyrir teymi
2 vikur til 2 mánaða



Aldur frá 18 til 30 ára



Áfangastaður: ESB eða
Erasmus+ samstarfslönd



Kostnaður innifalinn: ferða-
og uppihaldskostnaður,
vasapeningur, tryggingar,
tungumálastuðningur eða
þjálfun og útgjöld sem til
falla vegna inngildingar.

Hvað er fyrsta skrefið?
Skráðu þig á evrópsku
ungmennagáttina, skoðuðu
hvað er í boði og þú getur
sótt um



ERASMUS+: UNGMENNASKIPTI

Erasmus+ ungmennaskipti fela í sér að 16 til 60 einstaklingar frá a.m.k. tveimur löndum hittast og læra af hvoru öðru.

Markmiðið er að virkja og valdefla ungt fólk til að vera virkir evrópskir lýðræðisþegnar og hjálpa þeim að fá nýja reynslu og þjálfna hæfni sína.



Lengd ferðar 5 til 21 dagar



Aldur frá 13 til 30 ára



Áfangastaður: ESB eða Erasmus+ samstarfslönd



Kostnaður innifalinn: allur kostnaður fyrir ferðalögum og framkvæmd ungmennaskiptanna

Hvað er fyrsta skrefið? Til að taka þátt í ungmennaskiptum þarftu að sækja um í gegnum félag eða samtök, eða sem óformlegur hópur ungs fólks. Ef þig vantar aðstoð til að finna samtök til að vinna verkefnið hafðu samband við Landskrifstofu Erasmus+ eða Eurodesk



ERASMUS+: SKIPTINÁM OG STARFSNÁM

Erasmus+ skiptinám eða starfsnám er tekið sem hluti af námi við íslenskan háskóla eða framhaldsskóla.

Tilgangurinn er að veita nemendum tækifæri á að stunda nám í 1-2 annir í samstarfsskóla í Evrópu eða á vinnustað erlendis í sínu fagi.



2 vikur til 12 mánuðir (háskóli) / 2 til 30 dagar (framhaldsskóli)



Engin aldurstakmörk



Áfangastaður: ESB eða Erasmus+ samstarfslönd, stundum í boði utan Evrópu



Ferðakostnaður (70%) og mánaðarlegur styrkur á meðan dvöl stendur, inngildingarstyrkur ef við á

Hvað er fyrsta skrefið? Það er alltaf alþjóðafulltrúi í háskóla eða framhaldsskóla sem er fyrsti tengiliður fyrir skiptinám eða starfsnám með Erasmus+. Hafið samband við námsráðgjöf eða alþjóðaskrifstofu skólans til að vita meira.

HVAR FÆ ÉG STUÐNING?

Samtök sem eru þátttakendur í Erasmus+ og European Solidarity Corps og taka á móti fólki geta veitt þér stuðning. Sum starfa sérstaklega með ungu fólki sem mæta hindrunum.

Það er best að þú hafir samband við skrifstofu Eurodesk í þínu landi til að fá upplýsingar um hvernig þú tekur þátt. Þú getur einnig beðið Eurodesk um að gefa þér upplýsingar fyrir fólkið í kringum þig svo þau viti betur um hvað verkefnin snúast þegar farið er til útlanda.



HAFÐU SAMBAND VIÐ EURODESK OG SKOÐAÐU FJÖLBREYTT ÚRVAL AF TÆKIFÆRUM!



Co-funded by
the European Union